Skólanefnd

15. apríl 2026

Mætt: ESR, JJ (ritari), ET, Jón Grétar Þórsson, Sunna Magnúsdóttir, Ingvar Viktorsson, Snædís Ögn Flosadóttir (TEAMS), Fanney Dóra Veigarsdóttir, Kristófer Kári Ólafsson, Sigurrós Á. Gunnarsdóttir.

Dagskrá:

Ársreikningur Flensborgarskólans

Opið hús þann 14. apríl fyrir grunnskólanemendur og foreldra

Hollandsferð starfsfólks FLB 22. - 24. maí

Önnur mál - kosning formanns

Ársreikningur Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar

Ákveðið var að byrja á kosningu formanns skólanefndar þar sem Snædís Ögn taldi sig þurfa að fara af fundi snemma. Tillaga kom um Jón Grétar Þórsson og var samþykkt einróma.

ESR fer yfir TEAMS og hvar gögn funda eru geymd. Hún bauð einnig aðstoð Opinna kerfa og fulltrúa þeirra hér í húsi. Nýir nefndarmenn eru beðnir um að senda línu á Gunnar Pétur, fulltrúa OK.

ESR og ET fara yfir nýstaðfestan ársreikning FLB. Skólinn skilaði rekstrarhagnaði á árinu 2025.

Farið yfir rekstraráætlun 2026 og stöðuna framundan.

ESR, JJ og KKÓ segja frá Opnu húsi sem er í dag og þar eru grunnskólanemendur og foreldrar þeirra boðin velkomin í hús að kynna sér skólastarfið. KKÓ segir einnig frá árshátíðarviku sem nú stendur yfir og nær hámarki á balli á fimmtudagskvöld. Hann segir einnig frá því að mikil og góð stemning sé í húsinu.

ESR segir stutt frá Hollandsferð starfsfólks sem er í næstu viku.

Hér víkja aðrir en aðalmenn í stjórninni af fundi en eina umræðan sem eftir er snýr að ársreikningi Fræðslusjóðs Jóns Þórarinssonar.

Á fundi stjórnar sjóðsins var sagt frá bréfi sem skólanum hafði borist frá fyrrum nemanda og styrkþega. Styrkþeginn hafði nýlokið við skrif fræðigreinar og hafði getið skólans og styrksins í greininni. Þá er von á annari grein í erlendu tímariti og þar verður skólans einnig getið. Góður rómur var gerður að þessu á fundi sjóðsins og gaman að sjá nemendur og styrkþegar blómstra á sínu sviði.

Tekin var ákvörðun um næstu styrkupphæð sjóðsins og gengið var frá tilkynningu um nýja stjórn og gerð ársreiknings sjóðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið.